

GJALDSKRÁ

kaldavatnsveitu Bláskógaveitu, Bláskógabyggð.

1. gr.

Gjaldskylda.

Bláskógaveita (Bláskógabyggð) innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituf framkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við neðangreinda töflu og allt að 30 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar tengir veitan viðkomandi fasteign en varðandi sumarhús er miðað við að heimæð nái að lóðarmörkum og sumarhúsa-eigandi leggur sínar lagnir innan lóðar á sinn kostnað.

<i>Sverleiki heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald, kr.</i>	<i>Verð kr. á metra umfram 30 m</i>
25 mm	396.721	1.803
32 mm	435.426	2.417
40 mm	475.340	3.238
50 mm	636.206	4.339
63 mm	881.738	5.813
75 mm	1.330.468	7.790
90 mm	1.814.275	10.439
110 mm	2.539.985	14.092

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala (grunnur 2010) nóvember 2021, 157,6 stig.

Gjaldskrá fyrir lögbylí gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsnæði.

Við sérstakar aðstæður, sem hægt er að skilgreina fyrir utan útgefna töflu þessarar greinar, er veitustjórn heimilt að semja sérstaklega um heimæðargjald.

4. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,3% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksálagning er 59.094 kr. á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem tengist veitukerfi veitunnar og notar vatn til vökvunar ber skylda til að vera með miðlunartank. Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitur Bláskógaveitna er 17.727 kr.

5. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, er heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald til viðbótar vatnsgjaldi skv. 4 gr. Fjárhæð notkunargjalds er 31,90 kr. á rúmmetra (m³) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010), grunnvísitala í nóvember 2021 er 157,6 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkunir fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

6. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal leggja til aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári, kr.</i>
15 mm	9.662
20 mm	9.839
25 mm	12.666
32 mm	14.182
40 mm	17.237
50 mm	20.884
80 mm	54.662

Mælaleigan tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010). Grunnvísitala nóvembermánaðar 2020, 157,6 stig.

7. gr.

Gjalddagar.

- a) *Heimæðargjald:* Gjaldþagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 30 daga frá gjalddaga.
- b) *Vatnsgjald:* Gjaldþagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

10. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 9. desember 2021, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1510/2020.

Bláskógabyggð, 20. desember 2021.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2021